



YFIRLIT ÁRSINS 2025

FLUGSVIÐ



EFNISYFIRLIT

NEFNDARMENN OG STARFSMENN	3
AÐSETUR	4
TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS	5
TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU	6
RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU	8
NEFNDARFUNDIR.....	9
TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT / MIKILVÆGAR ÁBENDINGAR	10
Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2025:	11
Mikilvægar ábendingar sem gerðar voru á árinu 2025:.....	15
ERLENT SAMSTARF 2025	16
NÁMSKEIÐ og ÆFINGAR 2025	16
BANASLYS.....	17
OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2025.....	19
Aldur opinna mála.....	20
Opin mál í árslok	21

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af innviðaráðherra.

Nefndin skipuð af ráðherra til fimm ára. Í nefndinni sitja þrettán manns, formaður, sex nefndarmenn og sex varamenn.

Guðmundur Freyr Úlfarsson (prófessor og samgönguverkfræðingur) er formaður nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn sem starfa að öllu jöfnu á flugsviði eru Geirprúður Alfreðsdóttir (fyrrum flugstjóri), Bryndís Lára Torfadóttir (flugstjóri), Gestur Gunnarsson (flugvirki), Hörður Vignir Arilíusson (flugumferðarstjóri) og Tómas Davíð Þorsteinsson (öryggissérfræðingur í mannlega þættinum). Einnig var notuð þekking annarra starfs- og nefndarmanna innan raða RNSA varðandi ýmis sérfræðiálit við afgreiðslu mála.

Starfsmenn í fullu starfi á flugsviði RNSA eru Þorkell Ágústsson (rekstrarstjóri og rannsóknarstjóri flugsviðs) og Ragnar Guðmundsson (rannsakandi á flugsviði).

Nánari upplýsingar um nefndarmenn og starfsfólk RNSA má finna á vefsvæði RNSA, <https://www.rnsa.is/starfsfolk/>

AÐSETUR

RNSA hefur frá stofnun árið 2013 haft aðsetur að Flugvallarvegi 7 í húsi Flugbjörgunarveitar Reykjavíkur. Þar áður hafði Rannsóknarnefnd Flugslysa aðsetur þar frá árinu 1997 og Rannsóknarnefnd umferðarslysa frá árinu 2004. Þessi aðstaða þótti orðin of lítil og óhentug fyrir starfssemi stofnunarinnar.



Eldra aðsetur RNSA að Flugvallarvegi 7, 102 Reykjavík

Um miðjan október 2025 fluttist RNSA að Vesturvör 2 í Kópavogi í mun stærri og rúmbettri aðstöðu sem gerir stofnuninni betur kleift að sinna rannsóknarverkefnum sínum.




Nýtt aðsetur RNSA að Vesturvör 2, 200 Kópavogi

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2025 bárust flugsviði RNSA alls 6.225 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Hefur tilkynningum fjölgað reglulega á milli ára en líklega hafa áhrif Covid-19 mest áhrif á fækkun tilkynninga á árunum 2020-2021, vegna minni umsvifa í flugi.

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim til upplýsinga en má þó ekki líta svo á að þar með sé verið að tilkynna formlega um alvarleg atvik eða slys samkvæmt reglum um tilkynningaskyldu til RNSA. Á stundum berast RNSA fleiri en ein tilkynning um sama atvikið og skýrir það m.a. hvers vegna RNSA mælir fleiri tilkynningar en Samgöngustofa. Þess ber að geta að almennt tekur RNSA alvarleg flugatvik og flugslys til rannsóknar en önnur tilkynnt atvik eru til skoðunar/greiningar hjá Samgöngustofu og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2016 til 2024, að undanskildum árunum 2020 og 2021 og er það rakið til almennrar fækkunar flugstunda sökum heimsfaraldurs. Árið 2025 varð svo fækkun tilkynninga frá árinu 2024.



Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga á árunum 2015-2019, sem og árin 2022-2024, má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukinnar flugumferðar.

TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU


Á árinu 2025 skoðaði flugsvið RNSA 16 mál af þeim atvikum sem tilkynnt voru. Þrjú mál voru skilgreins sem flugslys. Fimm mál voru skráð sem alvarleg flugatvik og átta mál sem alvarleg flugumferðaratvik. Voru þessi sextán mál tekin til formlegrar rannsóknar. Ekkert mál sem tekið var til rannsóknar á árinu hefur enn verið skilgreint sem minniháttar mál.

Fjöldi alvarlegra flugumferðaratvika hefur verið að aukast og reyndist þær helmingur allra rannsókna flugsviðs RNSA á árinu. Voru sjö þeirra (43,75% mála á flugsviði RNSA) vegna alvarlegra flugumferðaratvika við Keflavíkurflugvöll (BIKF). Á reglulegum fundum með Samgöngustofu, hefur aukning alvarlegra flugumferðaratvika meðal annars verið til umræðu og telur RNSA að vert sé að taka það til frekari skoðunar.

Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2025.

Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
25-001F001	Alvarlegt flugatvik	Missti pressu og grímur féllu niður	TF-PPE	Airbus 320-200	Á leið til Íslands	27.12.2024
25-003F002	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í landingu	TF-FFL	Textron 172N	BIRK	27.1.2025
25-024F003	Flugslys	Nauðlenti vegna hreyfilmissis	N5611P	Piper PA-24	Suðurlandsvegi við Heiðmörk	26.5.2025
25-025F004	Alvarlegt flugatvik	Missti nefhjól í aðflugi að BIRK	TF-FGC	Diamond DA-20	Austurvöllur	10.6.2025
25-033F005	Alvarlegt flugumferðaratvik	Varð fyrir brautarátroðningi í flugtaksbruni á flugbraut 01	TF-PPC	Airbus 320-200	BIKF	15.7.2025
25-038F006	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í snertilendingu	TF-JEG	Textron 172N	Kaldármelum	12.8.2025
25-039F007	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 01	9H-MLY (FPY26W) og TF-ICA (ICE521)	Airbus 320-200 og Boeing 737-9	BIKF	7.8.2025
25-040F008	Alvarlegt flugatvik	Súrefnisgrímur féllu í sjúkraflugi í klífri	TF-NLE	Textron B200GT	Húsavík	26.8.2025
25-041F009	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-ICL (ICE45R) og TF-ICG (ICE75T)	Boeing 737-8 og Boeing 737-8	BIKF	11.7.2025
25-043F010	Alvarlegt flugumferðaratvik	Aðskilnaðarmissir á flugi í stjórnðu loftrými	TF-ICT (ICE4BE) og TF-FMS (KING2)	Boeing 737-8 og Textron B200	BIKF	10.9.2025
25-044F011	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-IAC (ICE62L) og TF-ICE (ICE604)	Airbus 321-200 og Boeing 737-8	BIKF	17.7.2025
25-045F012	Flugslys	Hlekkist á í landingu	TF-FBI	Textron R172K	Blöndósi	15.9.2025
25-049F013	Flugslys	Flaug í tré í flugtaki og brotlenti	TF-205	Savannah S	Hvalfirði	3.10.2025
25-053F014	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-ISW (ICE450) og TF-ICO (ICE28T)	Boeing 767-300 og 737-8	BIKF	23.7.2025
25-054F015	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-ISR (ICE500) og TF-ICR (ICE856)	Boeing 757-200 og Boeing 737-8	BIKF	18.7.2025
25-055F016	Alvarlegt flugumferðaratvik	Aðskilnaðarmissir í umferðarhring við Reykjavíkurflugvöll	TF-FGB og N408TA	Diamond DA-20 og Textron 408	BIRK	17.9.2025

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.




RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU

Á árinu 2025 lauk flugsvið RNSA alls 8 málum. Þar af var sex málum lokið með útgáfu á lokaskýrslu. Einu máli var lokað með bókun og eitt mál, sem RNSA tilkynnti til systurstofnun sinnar á Ítalíu (ANSV), var ekki tekið til formlegrar rannsóknar af hálfu RNSA.

Málsnúmer	Heiti	Afgreiðsla	Opnað	Lokað
22-042F006	TF-PPA Neyðarástand vegna eldsneytis	Skýrsla	13.6.2022	8.5.2025
23-016F005	TC-JJJ í óstjórnaðri lækkun norðan Langjökuls	Skýrsla	13.2.2023	8.5.2025
24-073F020	TF-ISX unstable approach on short final in Verona	Ekki tekið til formlegrar rannsóknar af hálfu RNSA (tilkynnt til ANSV, systurstofnunar RNSA á Ítalíu)	3.2.2024	14.1.2025
24-015F007	TF-FFL og TF-FGB flugumferðaratvik við BIRK	Skýrsla	25.2.2024	30.1.2025
24-045F014	TF-NLA missti jafnþrýsting í klifri á Station Nord flugvelli (BGNO) á Grænlandi	Skýrsla	8.9.2024	20.11.2025
24-057F016	TF-TWO & TF-FGC flugumferðaratvik við BIRK	Skýrsla	6.10.2024	23.10.2025
24-065F017	TF-NLE symptoms of hypoxia during flight to BIAR	Lokað með bókun	16.11.2024	5.6.2025
24-072F019	TF-NLE Óráðanlegir mælar í blindflugi vegna afísingarvökva frá BIAR	Skýrsla	19.11.2024	20.11.2025

NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2025 voru haldnir 23 nefndarfundir á flugsviði RNSA, en að meðaltali hafa verið haldnir um 24 fundir á flugsviði á ári síðustu 10 ár eða um aðra hverja viku.




Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við lokadrög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.

TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT / MIKILVÆGAR ÁBENDINGAR

Flugsvið RNSA gaf út tólf tillögur í öryggisátt og þrjár mikilvægar ábendingar til aukins flugöryggis á árinu 2025. Bent er á að það sem áður var kallað tilmæli, kallast nú mikilvægar ábendingar og er það liður í því að samræma útgáfu efnis þvert á svið rannsóknarnefndarinnar. Á síðastliðnu tíu ára tímabili eða frá árinu 2016 hefur flugsvið RNSA gefið út samtals 136 mikilvægar ábendingar (áður tilmæli) og/eða tillögur í öryggisátt sem er tæplega 14 á ári eða rúmlega ein á mánuði.

Munurinn á mikilvægum ábendingum og tillögum í öryggisátt er, samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa, sá að mikilvægar ábendingar eru almenn og ná t.d. til flugmanna eða annarra tengdu flugi en tillögur í öryggisátt fá númer, hafa sérstakt ferli og beinast yfirleitt til eins aðila þar sem viðbragða er óskað með formlegum hætti.

Þeir sem taka við tillögum í öryggisátt skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á og skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að þær bárust, gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim. Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal svo, innan tveggja mánaða frá því að henni var gerð grein fyrir viðbrögðum, tilkynna viðkomandi aðila hvort nefndin telji þau fullnægjandi.



Á árinu 2013 tók flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa við af Rannsóknarnefnd flugslysa sem stofnuð var árið 1996. Ef litið er á lengra tímabil þá hafa þessar stofnanir sameiginlega gefið út samtals 378 tillögur í öryggisátt eða mikilvægar ábendingar (áður tilmæli) frá árinu 1996. Það hafa því verið lagðar fram um 13 tillögur og mikilvægar ábendingar/tilmæli að meðaltali á ári frá árinu 1996, sem stuðla að auknu flugöryggi, og er það rúmlega ein á mánuði síðastliðin 29 ár.

Tillögur í öryggisátt og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Nánar um viðbrögð við tillögum í öryggisátt eru uppfærð á vefsvæði RNSA, <http://www.rnsa.is/tilloegur-i-oeryggisatt/>. Mikilvægar ábendingar/tilmæli á flugsviði má einnig finna á vefsvæði RNSA, <https://www.rnsa.is/flug/mikilvaegar-abendingar/>.

Ef tillaga í öryggisátt eða tilmæli er á ensku, þá er það vegna þess að skýrslan var skrifuð á ensku.

Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2025:

22-042F006T01

SIA-Iceland recommends to Airbus to issue new/revised Service Bulletin to allow installation of the panel protection to cover panel 123VU and panel 124VU, to all already produced A320 family aircraft.

22-042F006T02

RNSA SIA-Iceland recommends to EASA to make the new/revised Service Bulletin listed in safety recommendation 22-042F006T01 (when issued) mandatory, by issuing an Airworthiness Directive.

23-016F005-T1:

SIA-Iceland recommends to the Icelandic MET Office to improve automation in analyzing weather phenomena (such as turbulence, icing, mountain waves, thunderstorms etc.) in high resolution weather forecasts.

23-016F005-T2:

SIA-Iceland recommends to the Icelandic MET Office to present SIGMET areas in graphical format on maps.

23-016F005-T3:

SIA-Iceland recommends to Turkish Airlines to re-evaluate their CRM training, to emphasize the importance of each pilot's role in flying the aircraft.

23-016F005-T4:

SIA-Iceland advises Isavia ANS to ensure that Pilot Reports to the Icelandic MET Office include all weather related information.

24-015F007-T01:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Isavia ohf, Isavia Innanlandsflugvalla ehf og Isavia ANS ehf, sem veita flugumferðarþjónustu, að fullmóta og setja verklagsreglur um notkun miðla í vinnurýmum flugumferðarþjónustu.

24-045F014 T01:

SIA- Iceland recommends to Textron Aviation to reconsider (lower) the 10,000 flight cycles airworthiness life limit of the door hooks, or to perform design changes to improve its endurance.

24-057F016-T01:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Isavia ANS og Isavia Innanlands að rýna þjálfun og verklag flugumferðarstjóra í flugturninum á Reykjavíkurflugvelli með tilliti til aukins álags.

24-057F016-T02:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Samgöngustofu að meta hvort þörf sé á að uppfæra loftrýmið í kringum Reykjavíkurflugvöll úr loftrýmisflokki D yfir í loftrýmisflokk C.

24-072F019-T01:

RNSA beinir því til afgreiðsluaðila afsingar á Akureyrarflugvelli, að yfirfara verklag við undirbúning afsingar, til að koma í veg fyrir að afsingarvökvi sé notaður í upplausn þar sem hættu er á að hann frjósi. Æskilegt er að verklagið sé yfirfarið fyrir allar starfsstöðvar afgreiðsluaðila afsingar þar sem afsing fer fram.

24-072F019-T02:

RNSA beinir því til Norlandair, að fara yfir með flugmönnum og afgreiðslumönnum notkunarmörk mismunandi upplausna afsingarvökva, bæði er varðar hreinsun (de-icing) og vörn (anti-icing).

Mikilvægar ábendingar sem gerðar voru á árinu 2025:

Mál 23-016F005:

SIA-Iceland advises flight operators, to consider implementing a graphical flight monitoring program in the Electronic Flight Bags that provide flight crews with updated graphical representation of SIGMET areas with regards to the flight and its planned route.

SIA-Iceland advises local Meteorological Watch Offices (MWOs) on the importance of monitoring and issuing SIGMETs for severe mountain waves.

Mál 24-057F016:

RNSA vill beina því til flugmanna að fylgjast með umferð í kringum sig og hafa góða ástandsvitund (situational awareness).

ERLENT SAMSTARF 2025

Flugsvið RNSA tók virkan þátt í tengslaneti rannsakenda í Evrópu (ENCASIA) í Belgíu, á Spáni sem og á á fjarfundum. Tengslanetið er á vegum Evrópusambandsins og var sett upp samkvæmt Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 996/2010.

Rannsakendur RNSA sóttu Evrópufund ECAC í Vín í Austurríki í maí ásamt hefðbundnum fundi hjá flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) í Þýskalandi í apríl. Þá sótti rannsakandi RNSA reglubundinn norðurlandafund rannsóknarnefnda flugslysa/samgönguslysa sem haldin var í Danmörku í nóvember.

Hefðbundin alþjóðaráðstefna flugslysarannsakenda (ISASI), sem haldin var í Denver í Bandaríkjunum í september, var sótt af einum rannsakenda RNSA en slík ráðstefna hefur einu sinni verið haldin á Íslandi, árið 2016. Árleg Evrópuráðstefna á vegum ESASI var haldin í Vín í maí samhliði Evrópufundi ECAC og var hún sótt af rannsakendum RNSA. RNSA hefur haft fulltrúa í stjórn ESASI frá árinu 2017.

Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsóknir sem í gangi voru á árinu 2025 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), TSB (Canada), BEA (Frakkland), UEIM (Tyrklandi), Havarikommisjonen (Danmörk) og BFU (Þýskaland).

NÁMSKEIÐ og ÆFINGAR 2025

Rannsakandi RNSA tók þátt í vinnustofu ENCASIA í Madrid í maí.


Nokkrar flugslysaæfingar voru haldnar á vegum Isavia á flugvöllum á árinu og tók rannsakandi RNSA þátt og hélt kynningar fyrir viðbragðsaðila á flugslysaæfingunni í Vestmannaeyjum í apríl og rannsakandi RNSA hélt kynningu fyrir viðbragðsaðila fyrir flugslysaæfinguna í Reykjavík í lok september.

Rannsakandi RNSA tók þátt í vinnustofu ECAC í Danmörku í nóvember.


BANASLYS

Ekkert banaslys varð í flugi á árinu 2025. Fjögur banaslys hafa verið á borgaralega skráðum loftförum í flugi á Íslandi á síðustu 10 árum. Á árinu 2019 urðu tvö banaslys, annarsvegar þar sem þrír létust í einkaflugi þegar N3294P, tveggja hreyfla einkaflugvél af gerðinni Piper PA23, brotlenti við Múlakot í júní 2019 og hins vegar þar sem einn lést í einkaflugi þegar TF-CRZ, sem var af gerðinni Piper PA-12 Replica, brotlenti á Haukadalsmelum í júlí 2019. Á árinu 2022 létust fjórir þegar TF-ABB, einkaflugvél af gerðinni Textron 172N, hafnaði í Þingvallarvatni í febrúar 2022 og á árinu 2023 létust þrír þegar TF-KLO, einkaflugvél af gerðinni Textron 172N hafnaði á fjalli á Austurlandi.

Alls hafa því 11 einstaklingar farist í fjórum flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.



Á næstu síðu má sjá fjölda banaslysa á borgaralega skráðum loftförum frá upphafi. Þar má meðal annars sjá að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi. Eins og greint er frá að ofan voru engin banaslys á árunum 2016-2018 og að frátöldu átta ára tímabilinu voru síðast þrjú banaslysalaus ár á árunum 1953 – 1955.




OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2025

Í lok ársins 2025 voru 23 mál sem ekki var búið að ljúka á flugsviði RNSA. Er það fjölgun um 8 mál frá árinu 2024. Af opnum málum í árslok 2024, voru sextán mál frá árinu 2025, þrjú mál frá árinu 2024, tvö frá árinu 2023, eitt mál frá árinu 2022 og eitt mál frá árinu 2021. Þá er meðalaldur mála undir meðallagi á milli ára og stóð hann við lok árs 2025 í 1,09, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,27 ár.

Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
21-057F011	Alvarlegt flugumferðaratvik	Þemarannsókn um flugumferðaratvik á BIRK	Margar	Margar	BIRK	Margar
22-068F009	Alvarlegt flugumferðaratvik	Fráhvarfsflug vegna flugvélar á flugbraut 19	TF-ICB	Boeing 737-9	BIKF	31.8.2022
23-042F013	Alvarlegt flugatvik	Engine failure	TF-NLC	DHC-6-300	BIAR	15.5.2023
23-052F014	Flugslys	Flugslys á fjalli	TF-KLO	Textron 172N	Austurland	9.7.2023
24-005F003	Alvarlegt flugumferðaratvik	Fór útaf akbraut í hálku	G-UJEB	Airbus 320-200	BIKF	25.2.2024
24-031F009	Alvarlegt flugatvik	Tvöfalt flugumferðaratvik	TF-FHI & OM-XWB sem og OM-TMH & TF-KFH	Textron 152 & Airbus 350B sem og Airbus 350B & Diamond DA-40	BIRK	10.9.2024
24-071F018	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flug ICE750 í flugtaki þegar snjóplógur fór inn á flugbrautina á BIKF	TF-ISP	Boeing 767-300	BIKF	2.12.2024
25-001F001	Alvarlegt flugatvik	Missti pressu og grímur féllu niður	TF-PPE	Airbus 320-200	Á leið til Íslands	27.12.2024
25-003F002	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í lendingu	TF-FFL	Textron 172N	BIRK	27.1.2025
25-024F003	Flugslys	Nauðlenti vegna hreyfmissis	N5611P	Piper PA-24	Suðurlandsvegi við Heiðmörk	26.5.2025
25-025F004	Alvarlegt flugatvik	Missti nefhjól í aðflugi að BIRK	TF-FGC	Diamond DA-20	Austurvöllur	10.6.2025
25-033F005	Alvarlegt flugumferðaratvik	Varð fyrir brautarátroðningi í flugtaksbruni á flugbraut 01	TF-PPC	Airbus 320-200	BIKF	15.7.2025
25-038F006	Alvarlegt flugatvik	Hlekkist á í snertilendingu	TF-JEG	Textron 172N	Kaldármelum	12.8.2025
25-039F007	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 01	9H-MLY (FPY26W) og TF-ICA (ICE521)	Airbus 320-200 og Boeing 737-9	BIKF	7.8.2025
25-040F008	Alvarlegt flugatvik	Súrefnisgrímur féllu í sjúkraflugi í klifri	TF-NLE	Textron B200GT	Húsavík	26.8.2025
25-041F009	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-ICL (ICE45R) og TF-ICG (ICE75T)	Boeing 737-8 og Boeing 737-8	BIKF	11.7.2025
25-043F010	Alvarlegt flugumferðaratvik	Aðskilnaðarmissir á flugi í stjórnunðu loftrými	TF-ICT (ICE4BE) og TF-FMS (KING2)	Boeing 737-8 og Textron B200	BIKF	10.9.2025
25-044F011	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-IAC (ICE62L) og TF-ICE (ICE604)	Airbus 321-200 og Boeing 737-8	BIKF	17.7.2025
25-045F012	Flugslys	Hlekkist á í lendingu	TF-FBI	Textron R172K	Blöndósi	15.9.2025
25-049F013	Flugslys	Flaug í tré í flugtaki og brotlenti	TF-205	Savannah S	Hvalfirði	3.10.2025
25-053F014	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-ISW (ICE450) og TF-ICO (ICE28T)	Boeing 767-300 og 737-8	BIKF	23.7.2025


25-054F015	Alvarlegt flugumferðaratvik	Brautaraðskilnaðarmissir á flugbraut 19	TF-ISR (ICE500) og TF-ICR (ICE856)	Boeing 757-200 og Boeing 737-8	BIKF	18.7.2025
25-055F016	Alvarlegt flugumferðaratvik	Aðskilnaðarmissir í umferðarhring við Reykjavíkurlflugvöll	TF-FGB og N408TA	Diamond DA-20 og Textron 408	BIKF	17.9.2025

Aldur opinna mála



Opin mál í árslok

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá að fjölgun er á málum á flugsviði RNSA sem ekki var búið að ljúka í árslok 2025, ef litið er á þróun síðustu tíu ára. Tíu ára meðaltal opinna mála í árslok reiknast 19,4 og eru opin mál í árslok því yfir meðaltali eða 23 talsins.





Reykjavík – Janúar 2026